

boenda
FERÐIR

AÐVENTUÆVINTÝRI Í ALSACE



26. nóvember - 3. desember 2024
Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Aðventa
Frakkland | Þýskaland | Sviss

Ferðalýsing

Aðventuævintýrið byrjar í borginni Obernai í Alsace héraði þar sem fallegustu aðventumarkaðir Frakklands finnast. Nú skarta borgir og bæir sínu fegursta hvert sem litið er og ilmur frá jólaglöggi og kastaníuhnetum svífur yfir. Í Obernai er dásamlegt á þessum árstíma, borgin er þekkt fyrir haganlega gerð bindingsverkshús og sérlega notalegt andrúmsloft, ljósadýrðin er mikil og þar er fallegur jólamarkaður. Við förum í skemmtilegar dagsferðir meðal annars til Strassburg, höfuðborgar Alsace héraðsins, sem er sérstaklega glæsileg á aðventunni. Colmar er hrífandi borg á þessum árstíma og þekkt fyrir listileg bindingsverkshús og krókóttar þröngar götur sem eru einstaklega töfrandi. Í Colmar má finna listamannahverfið Litlu Feneyjar og þar eru lítil falleg síki sem gleðja augað. Það er alltaf gaman að heimsækja Freiburg í Svartaskógi en hún er borg skógarins, gotneskrar listar og víns. Aðventublærinn fylgir okkur um vínslóðina í Alsace þegar við kveðjum Obernai á leið okkar að Bodensee vatninu í Þýskalandi. Á leiðinni þangað verður að í bæjarperlunni Riquewihir og þar upplifum við áhrifamikla jólastemningu inn á milli gömlu bindingsverkshúsanna. Við endum ævintýrið á ljúfri samveru í fallegu borginni Konstanz við Bodensee vatnið sem er einstaklega heillandi á aðventunni.

8 dagar | 7 nætur

5 nætur Obernai | 2 nætur Konstanz



26. nóvember | Flug til Zürich & Obernai í Alsace

Brottför verður frá Keflavík kl. 07:20, mæting er í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lent verður í Zürich kl. 12:05 að staðartíma. Ekin verður falleg leið inn í Alsace héraðið til bæjarins Obernai þar sem gist verður í fimm nætur á góðu 4* hóteli. Sameiginlegur kvöldverður á hótelinu.

27. nóvember | Dagur í Obernai & frjáls tími

Obernai er yndislegur bær með sínum ævintýrlegu bindiverkshúsum og ekki síst á aðventunni þegar hann er fagurlega skreyttur. Við byrjum daginn á að fara í stutta göngu saman og kynna okkur sögu og mannlíf bæjarins. Eftir það verður frjáls tími á eigin vegum til að kanna líf bæjarbúa og njóta alls þess sem bærinn hefur upp á að bjóða. Upplagt er að skoða jólamarkaðinn sem er mjög fallegur. Þar gefur að líta úrval af sælkeravöru og handverki og mikið er af huggulegum kaffi- og veitingahúsum þar sem hægt er að staldra við. Kvöldverður á eigin vegum.



28. nóvember | Jóladyrð í Strassborg & sigling á Ill

Strassborg, höfuðborg Alsace héraðsins, skartar sínu fegursta á aðventunni og jóladyrðin þar er engri lík. Við byrjum á að fara í siglingu á ánni Ill sem rennur um borgina. Af ánni má sjá margar af tignarlegum glæsibyggingum borgarinnar, þar á meðal aðsetur Evrópuþingsins sem siglt er að. Borgin býr yfir miklum sjarma sem við kynnumst á göngu um fallegar götur hennar. Við skoðum bindingsverkshúsin og kíkjum á jólamarkaðinn sem er einn sá elsti í Evrópu. Að auki komum við að Münsterkirkjunni sem er stolt Strassborgarbúa, þar er varðveitt mjög merkilegt stjörnu- og sólúr. Hverjum og einum gefst tækifæri á að upplifa borgina á eigin vegum og njóta aðventustemmnings borgarinnar. Þá er gaman að röltu um listamannahverfið, Petite France eða litla Frakkland. Kvöldverður á eigin vegum.



29. nóvember | Ljósadyrð í Freiburg í Svartaskógi



Freiburg er staðsett í suðurhluta Svartaskógar milli landamæra Frakklands og Sviss. Hennar er oft getið sem höfuðborgar skógarins. Við lítum við í Freiburger Münster dómkirkjunni en hún er eitt af meistaraverkum gotneskrar byggingalistar og helsta kennileiti borgarinnar. Í nágrenni kirkjunnar er skemmtilegur jólamarkaður og þar má meðal annars finna afar fallegt handverk og ýmislegt áhugavert fyrir sækera. Hér verður finna frjálstími til að

upplifa hina líflegu Freiburg. Hún er alltaf heimsóknarinnar virði, sér í lagi á aðventunni. Tækifæri gefst til að líta inn til kaupmanna borgarinnar og njóta sín á einhverjum hinna fimm aðventumarkaða sem eru dreifðir um borgina. Kvöldverður á eigin vegum.

30. nóvember | Aðventuævintýri í Colmar & vínbóndi í Eugisheim

Colmar er hrífandi borg. Hér fara saman listilega gerð bindingsverkshús og þröngar, dulúðlegar götur. Listamannahverfið, litlu Feneyjar, er eitt fallegasta hverfið í borginni og þar er líkt og komið sé inn í ævintýri. Hér verður farið í fróðlega skoðunarferð um borgina en eftir það verður dagurinn í ykkar höndum. Nú er að njóta aðventutöfra bæjarins, líta inn í skemmtilegar litlar verslanir og setjast inn á notaleg kaffi- eða veitingahús í gamla bænum. Við endum daginn á að heimsækja vínbónda í Eugisheim sem er með fallegri bæjum Alsace héraðsins. Sameiginlegur kvöldverður á hóteli.



1. desember | Vínslóðin til Riquewihir & Konstanz

Við kveðjum við Obernai eftir yndislega daga og nú verður ekin Vínslóðin svonefnda í Alsace. Hún liggur frá Obernai en þaðan þræðum við ótal snotur smáþorp og gefum okkur góðan tíma til að stoppa í Riquewihir. Bærinn er ein af perlum Alsace héraðsins og er listilega skreyttur á aðventunni. Í nánast öðru hverju húsi bæjarins má finna vinkjallara með afurðum af svæðinu og víða er hægt að líta inn og smakka á framleiðslunni. Hér er þekkt jólabúð sem vert er heimsækja og hefðbundinn jólamarkaður. Þessu næst verður ekið sem leið liggur að Bodensee vatni sem er þriðja stærsta stöðuvatn í Evrópu og á landamæri að Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Ferðinni er heitið í borgina Konstanz sem stendur við vesturenda Bodensee. Þar verður gist í tvær nætur á góðu 4* hóteli í miðbænum, Hotel Constantia. Sameiginlegur kvöldverður á hóteli.

2. desember | Hrífandi jólastemmning í Konstanz



Lista- og menningarborgin Konstanz er fallegasta borgin við Bodensee vatnið. Við byrjum morguninn á stuttu rölti þar sem við kynnumst sögu og menningu borgarinnar. Við munum að sjálfsögðu njóta aðventustemningar á jólamarkaði borgarinnar en eftir það er upplagt að kíkja á hvað kaupmenn staðarins hafa upp á að bjóða. Hótelið er vel staðsett í miðbænum svo hér gefst gott tækifæri til að nota daginn

eins og hver og einn vill. Það er til dæmis hægt að fara í siglingu á vatninu og koma við í nágrennabæjunum. Einnig er mikið af notalegum kaffi- og veitingahúsum sem upplagt er að líta inn á. Kvöldverður á eigin vegum.

3. desember | Heimflug frá Zürich

Nú kveðjum við Konstanz við Bodensee eftir ljúfa daga. Að morgunverði loknum verður lagt af stað út á flugvöll í Zürich og flogið heim kl. 13:05. Lending í Keflavík er kl. 15:55 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Hótel

Gist verður fyrstu fimm næturnar á A la Cour d'Alsace, 4* hóteli sem stendur við aðaltorgið í Alsace. Byggingin sjálf á sér langa sögu, hún er upprunalega frá 16. öld en hefur verið uppgerð og breytt í fallegt lúxushótel. Þar er heilsulind með innilaug og gufuböðum. Seinustu tvær næturnar munum við dvelja í annarri 4* gistingu, Hotel Constantia í hjarta Konstanz, skammt frá gamla bænum og Bodensee vatninu.



Verð

339.500 kr. á mann í tvíbýli | 86.700 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hótelum.
- ✓ Þrjú kvöldverðir.
- ✓ Vínsmökkun Eugisheim.
- ✓ Sigling í Strassburg.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir, kláfa og kirkjur.
- ✓ Siglingar.
- ✓ Fjórir kvöldverðir.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Lest inn í Strassburg til og frá rútabílastæði u.þ.b € 8.

